

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 581/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til mannelis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist einn nýr töluliður, 11. tölul., svohljóðandi:

11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/1189 frá 4. júní 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar beitingu takmarkana á notkun á tilteknum sýkingalyfjum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2598.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem nefnd er í 1. gr. er birt á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem [fylgiskjal við auglýsingu nr. 14/2026](#).

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, lögum um matvæli, nr. 93/1995, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, lögum um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006, og lögum um fiskeldi, nr. 71/2008.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 22. júní 2026.

F. h. r.
Kolbeinn Árnason.

Donika Kolica.

B deild - Útgáfudagur: 23. júní 2026